

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289 10. maí 1995.

#### 1. gr.

Á eftir 4. málsli. í texta með merki K01.11 í 18. gr. komi: Í jarðgöngum við hægri brún akbrautar miðað við akstursstefnu er heimilt að hafa merkin tvö með a.m.k. 0,3 m bili á milli og við vinstri brún akbrautar á vegi með umferð í báðar áttir er heimilt að hafa merkin tvisvar sinnum tvö með a.m.k. 0,3 m bili á milli para.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 79. og 84. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. desember 2001.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um lánaflökka Íbúðalánasjóðs, nr. 458/1999.

#### 1. gr.

Í stað 1. mgr. 4. gr. kemur svohljóðandi 1. mgr.:

Vextir af lánnum Íbúðalánasjóðs, skv. 1.-6. og 8. tölul. 2. gr. skulu taka mið af þeim lánskjörum, sem Íbúðalánasjóði bjóðast hverju sinni. Vextir af lánnum Íbúðalánasjóðs, skv. 7. tölul. 2. gr. skulu vera breytilegir. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða vexti fyrir einstaka lánaflökka að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Stjórn Íbúðalánasjóðs lætur birta ákvörðun sína um vexti í Lögbirtingablaði fyrir 1. febrúar ár hvert.

#### 2. gr.

Í stað VIII. kafla kemur nýr svohljóðandi VIII. kafli:

#### VIII. KAFLI

#### Lán til leiguíbúða.

#### 34. gr.

#### *Almennt.*

Íbúðalánasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum, þ. á m. húsnæðissamvinnufélögum, lán til byggingar eða kaupa leiguíbúða til útleigu fyrir félagsmenn í hlutaðeigandi félögum eða félagasamtökum eða aðra leigjendur hjá slíku félagi.

Úr þessum lánaflökki skal veita lán til leiguíbúða sem ekki falla undir skilgreiningu VIII. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál. Þá skal veita úr þessum lánaflökki lán til allt að 150 leiguíbúða á ári á árunum 2002, 2003, 2004 og 2005 eða alls 600 íbúða á 4,5% vöxtum samkvæmt sérstöku átaki til að auka framboð leiguhúsnæðis, sbr. 40. gr.